

GREINARGERÐ MEÐ AUGLÝSINGU STARFSLEYFISTILLÖGU FYRIR PRIMEX EHF. SIGLUFIRÐI

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir Primex ehf. Eldra starfsleyfi fyrirtækisins er að renna út og því sótti það um starfsleyfi að nýju. Primex starfar á Siglufirði (Fjallabyggð) og starfsemin felst í að hreinsa kítín (skel) úr aukaafurðum úr rækjuvinnslu en auk þess að framleiða kítósan úr kítíninu. Það er því að mati Umhverfisstofnunar eðlilegt að að skoða ítarlega umhverfisþætti á borð við fráveitu og hættu á lyktarmengun.

EINSTÖK ÁKVÆÐI STARFSLEYFISTILLÖGUNNAR

Umræða varð nokkur milli rekstraraðila og Umhverfisstofnunar um ákvæði greinar 2.4 sem varðar hugsanlega lykt frá verksmiðjunni. Lykt getur aðallega orðið til ef gamalt hráefni berst til verksmiðjunnar. Undanfarið hefur verið tekið á málinu með móttökueftirliti (skynmati) sem rekstraraðili hefur sjálfur sett upp og miðar að því að slæmt efni sé sent til urðunar í stað vinnslu. Umhverfisstofnun telur það gott skref en áskilur sér heimild til að setja nánari reglur eða breyta þessu kerfi ef tilefni gefst til.

Við frágang starfsleyfisins var litið til ákvæða reglugerða, fyrra starfsleyfis, annarra starfsleyfa Umhverfisstofnunar og niðurstaðna úr eftirliti. Í fylgiskjali 1, í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, koma fram kröfur um gæðamarkmið frárennslis. Miðað við þessa tegund atvinnurekstrar telur Umhverfisstofnun að ákvæði reglugerðarinnar um að engan lit eða grugg megi sjá við útrásina beri að aðlaga að þessum rekstri enda telur stofnunin ekki að óæskileg áhrif megi greina á lífríkið af litnum í frárennslinu og að erfitt kunni að verða að losna við hann. Í grein 2.8 er því krafan aðeins öðruvísi en hún er samkvæmt reglugerðinni. Í eftirlitsferðum Umhverfisstofnunar hefur m.a. verið athugað hvort fugl sæki að frárennslinu en ekki eru nýleg dæmi um það á skrá hjá stofnuninni eða úr eftirlitsferðum.

Umhverfisstofnun skoðaði ítarlega ákvæði 5. kafla um tilhögun umhverfisvöktunar. Botndýrarannsóknir sem gerðar voru árin 1998 og 2003 bentu ekki til þess að álag væri mikið. Rekstraraðili benti í þessu sambandi á að viðtaki yrði einnig fyrir álagi frá annari starfsemi í nágrenninu. Niðurstaða Umhverfisstofnunar er sú að rekstraraðili láti gera aðra rannsókn fyrir árslok 2015 og er talið nægjanlegt að hún verði gerð alveg við útrásaropið að þessu sinni og mun Umhverfisstofnun meta hvort þörf er á frekari rannsóknum í framhaldi af væntanlegum niðurstöðum.

SAMRÁÐ VIÐ HEILBRIGÐISNEFND

Haft var samráð við heilbrigðisfulltrúa á svæðinu við gerð starfsleyfisins. Í athugasemdum sem sendar voru í undirbúningi starfsleyfistillögunnar kemur fram að skynsamlegt sé að miða vöktun við niðurstöður eftirlits og kanna hvort lífrænt efni sé að hlaðast upp við fráveiturör. Bent er á að rekstraraðili hefur hugmyndir um að vinna prótín betur úr vinnsluvatni. Þá eru rifjuð upp áform um að koma upp dreifistúti til þess að losna við að eðlisléttara vinnsluvatn



fljóti upp á yfirborð sjávar þannig að flekkur komi ekki í ljós á yfirborðinu. Í síðari athugasemdum sem bárust eftir að heilbrigðisnefnd var send drög að tillögunni, voru gerðar athugasemdir við tvö atriði. Gerð var athugasemd við að ekki væri tekið á heilnæmi framleiðslunnar vegna snyrtivöruframleiðslu og fleiri því tengdu samkvæmt efnalögum (s.s. plástrum). Þar er átt við ákvæði sem talað er um að Umhverfisstofnun eiga að fylgja eftir. Því er til að svara að vitnað er í efnalögin í tillögunni (grein 2.16) og segir þar að rekstraraðili skuli vinna samkvæmt þeim, þ.e. lögum nr. 61/2013. Í þessu sambandi er vert að benda á að starfsleyfi Umhverfisstofnunar fjalla um mengunarvarnir og –mælingar og fara ekki mikið út fyrir þann ramma.

Þá er í athugasemdinni rætt um að taka þurfi á flutningi hættulegra efna til og frá verksmiðjunni. Bent er á að óhöpp hafi orðið í þessu sambandi. Varðandi þessa athugasemd skal bent á að um þetta svið gildir reglugerð nr. 1077/2010, um flutning á hættulegum farmi á landi en þar hefur Umhverfisstofnun engu hlutverki að gegna. Hins vegar hefur stofnunin, sem gegnir m.a. því hlutverki að hafa umsjón með framkvæmd efnalaga, bent umhverfis- og auðlindaráðuneyti á að hnykkja þurfi á hlutverki öryggisráðgjafa en skv. reglugerð nr. 1077/2010 hefur Vinnueftirlit ríkisins eftirlit með því að fylgt sé reglum varðandi starf öryggisráðgjafa. Vert er að hafa í huga að starfsleyfi gilda innan ákveðins rekstrarsvæðis. Flutningar sem þessir eru auk þess oftast á hendi verktaka. Vegna athugasemdarinnar hefur verið áréttað sérstaklega í grein 1.1 í tillögunni að verktakar sem flytji hættuleg efni hafi tilskilin opinber leyfi.

ANNAÐ

Nokkur önnur ákvæði eru í tillögunni sem ekki voru í eldra starfsleyfi og má þar nefna ákvæði um hávaðamælingar. Flest þessi atriði má finna í öðrum starfsleyfum sem nýlega hafa verið auglýst til umsagnar eða gefin út af Umhverfisstofnun.